



Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. júlí 2025

SFS23060160

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 10.7.2025 varðandi eftirfarandi mál:

SFS - Leikskólinn Sælukot-Breyting á þjónustusamningi og viðauki vegna fjölgunar barna - til afgreiðslu

Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júlí 2025, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að gera viðauka við núgildandi þjónustusamning leikskólans Sælukots sem kveði á um að heimilt verði að greiða framlag til leikskólans vegna 99 barna á aldrinum 12 mánaða til sex ára í stað 72 barna, þar af 20 barna á aldrinum 12-18 mánaða, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Steinn Jóhannesson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík



Reykjavík 4. júlí 2025
SFS23060160

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Breyting á framlagi til Leikskólans Sælukots.

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Leikskólans Sælukots kt. 420683-0309, upphaflega frá 11. nóvember 2024, þar sem óskað var eftir, að samhliða stækkun leikskólans, fengist leyfi fyrir 32 barna fjölgun barna. Umsóknin hefur þróast í beiðni um 27 barna fjölgun, sem síðast var staðfest í tölvupósti frá leikskólastjóra 25. júní s.l.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera viðauka við núgildandi þjónustusamning Leikskólans Sælukots, dags. 28. febrúar 2025, sem kveði á um að heimilt verði að greiða framlag til Leikskólans Sælukots vegna 99 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, í stað 72 barna, þar af 20 barna á aldrinum 12 – 18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Gerður er fyrirvari um að breyting á rekstrarleyfi verði samþykkt.

Fyrir liggja öll tilskilin gögn vegna breytingarinnar.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júlí 2025
Umsögn fjármála- og áhættusviðs
Drög að viðauka við þjónustusamning



Reykjavík, 4. júlí 2025
Málsnúmer: SFS23060160

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um aukið framlag til Leikskólans Sælukots

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Leikskólans Sælukots., kt. 420683-0309, upphaflega frá 11. nóvember 2024, þar sem óskað var eftir að, samhliða stækkun leikskólans, fengist leyfi fyrir 32 barna fjölgun. Umsóknin hefur þróast í beiðni um 27 barna fjölgun, sem síðast var staðfest í tölvupósti frá leikskólastjóra 25. júní sl.

Leikskólinn Sælukot kt. 420683-0309, er með rekstrarleyfi vegna leikskólans að Þorragötu 1, 101 Reykjavík þar sem heimilt er til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 72 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða. Óskað hefur verið eftir að rekstrarleyfinu verði breytt með þeim hætti að þar verði heimilt að vera með 99 börn.

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera viðauka við núgildandi þjónustusamning leikskólans Sælukots, dags. 28. febrúar 2025, sem kveði á um að heimilt verði að greiða framlag til Leikskólans Sælukot 99 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára í stað 72 barna, þar af 20 barna á aldrinum 12-18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Gerður er fyrirvari um að breyting á rekstrarleyfi verði samþykkt.

Fyrir liggja eftirtalin gögn:

1. Umsögn foreldraráðs
2. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi í Þorragötu 1,
3. Vottorð um lokaúttekt slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
4. Umsögn FAS

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif vegna fjölgunar allt að 27 barna

Miðað við 3 ára börn (barngildið 1,3) með 8 klukkustundir í dvalartíma í 11 mánuði er árlegur kostnaður **kr. 78 milljónir**. Miðað við að tillaga taki gildi 1. ágúst n.k. er kostnaður á árinu 2025 **kr. 35,5 milljónir**

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. ágúst 2025 háð því að nýtt rekstrarleyfi hafi þá tekið gildi í stað núverandi rekstrarleyfis sem dagsett er 15. maí 2019.



Reykjavík



Ekki er gert ráð fyrri þessum útgjöldum innan núverandi fjárheimilda Skóla- og frístundasviðs og því þarf viðauka við fjárheimildir ef skilyrta tillaga er samþykkt.

Meðfylgjandi er umsögn fjármála og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 7. júlí 2025 .





Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og leikskólinn Sælukot ehf., kt. 420683-0309, gerðu þann 28. febrúar 2025 með sér samning um framlag vegna reksturs leikskólans Öskju, vegna barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn.

2. gr.

Samkvæmt viðauka þessum er gerð sú breyting á samningnum að ákvæði 22.1 verður nú svohljóðandi:

„Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 12 mánaða til sex ára er að hámarki 99 börn og þarf af 20 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.“

3. gr.

Viðauki þessi tekur gildi 1. ágúst 2025.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 28. febrúar 2025 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. 28. febrúar 2025.

Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.



Umsögn

Viðtakandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi umsókn Sælukots um aukið framlag vegna leikskólans

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á að viðmiðum um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Sælukots verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 99 reykvískra barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 20 á aldrinum 12-18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025 og miðar við að samþykkt verði breytt rekstrarleyfi fyrir leikskólann að Þorragötu 1, Reykjavík.

Breytt rekstarleyfi felur í sér að leikskólinn getur fjölgað börnum um 27. Háð því að leikskólinn uppfylli allar kröfur til að fá rekstarleyfi fyrir 99 börn mun Skóla- og frístundasvið gera skilyrta tillögu um viðauka við núverandi þjónustusamning.

Miðað við að tillagan felur í sér að SFS vilji gera samning um að kaupa 27 viðbótarpláss í Leikskólanum Sælukoti þá kostar það um 78 m.kr. á ári en kostnaðarmatið er miðað við 3 ára börn (barngildið 1,3) með 8 klukkustundir í dvalar tíma í 11 mánuði. Miðað við að tillagan taki gildi 1. ágúst n.k. er kostnaðar fyrir árið 2025 35,5 m.kr.

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmatið og gerir ekki athugasemdir við það. Vöntun í ramma fyrir árið 2025 er því 35,5 m.kr. Þessar breytingar sem hafa áhrif á fjárheimildir sviðsins eru háðar samþykki borgarráðs/borgarstjórnar.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*